

2. gr.

Sérstök lífeyrisuppbót kr. 3 000,00 skal greidd með júnibótum þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta óskertrar tekjutryggingar. Þeir, sem njóta skertrar tekjutryggingar, fá hlutfallslega lægri lífeyrisuppbót.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi 1. júní 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 103/1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Hér með tilkynnist að sett hafa verið upp umferðarljós á mótum Kirkjubrautar, Kalmannsbrautar og Stillholts.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sbr. 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 hefir verið ákveðið að taka umferðarljósinn þegar í notkun.

Um notkun umferðarljósanna gilda ákvæði A liðar IV. kafla reglugerðar nr. 414, 1978 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 12. maí 1986.

Ásmundur Vilhjálmsson, ftr.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað
nr. 318 frá 23. júní 1981.**

1. gr.

9. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Allar byggingar á miðbæjarsvæði 5%.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.